

Tillaga	A 1964/UVN
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að finna ný verkfæri til að vinna gegn rasisma og annarri öfgahyggju, og
 - að framkvæma og fjármagna þær tillögur sem koma fram í skýrslu um þróun hægriöfgahyggju á Norðurlöndum frá 1918 til dagsins í dag, sem kostuð var af Norrænu ráðherranefndinni
- og að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
- að koma á ráðstefnu með sjálfstæðum stofnunum á sviði jafnréttis og mismununar á Norðurlöndum.

Bakgrunnur

Rasismi í pólitískri umræðu verður sífelld vanalegr í norrænni samfélagsumræðu. Stór hluti af gagnrýni á t.d. innflytjendamál er lituð rasisma og mismunun. Það er jafnvel orðin venja í samfélagsmiðlum að benda á og kenna minnihlutahópum um samfélagsleg vandamál án tillits til niðurstaðna rannsókna, t.d. hverjar séu orsakir andfélagslegrar hegðunar eða glæpa. Rasismi og mismunun kemur sérlega illa við konur þar sem þengt er að þássi þeirra í samfélaginu. Þá veldur þetta óöryggi hjá börnum sem getur haft áhrif til lengri tíma.

Til að berjast gegn rasisma og mismunun þurfum við að auka þekkingu okkar og skilning á þróun og birtingarmynd þessara þátta á Norðurlöndum. Stjórnmalafólk ber sértaka ábyrgð á að traust á milli innflytjendahópa og traust þeirra á stofnunum samfélagsins og frjálsra fjölmiðla hverfi ekki.

Norræna ráðherranefndin hefur áður látið gera rannsóknir um hægriöfgahyggju og incel-hreyfinguna á Norðurlöndum. Niðurstöður [síðustu rannsóknarinnar](#)¹, sem fjallar um þróun hægriöfgahyggju á Norðurlöndum frá 1918 til dagsins í dag, voru birtar í mars

¹ <https://www.norden.org/is/news/ny-skyrsla-um-haegriofgastefnu-nordurlondum-fra-1918-til-dagsins-i-dag>



2023. Við hæfi væri að halda áfram að horfa á praktísk atriði og innleiðingu vinnunnar á móti rasisma og mismunum.

Í norrænu löndunum höfum við sambærileg kerfi og regluverk til að vinna gegn rasisma og stuðla að jafnræði og jafnrétti.

Nú þarf að safna saman reynslu frá stofnunum á þessu sviði og eiga samtal við ráðamenn á Norðurlöndum um stöðuna og hvernig við miðlum góðri reynslu — það eru bestu tækin til að koma í veg fyrir rasisma og ójafnrétti?

Hvað verður um lýðræðið á Norðurlöndum og tjáningarfrelsið ef núverandi þróun heldur áfram óbreytt og fleiri og fleiri hópar innflytjenda upplifa sig svo útsetta eða stöðu sína svo viðkvæma að þeir vilji ekki lengur taka þátt í samfélagsumræðunni?

Kaupmannahöfn, 4. september 2023

Hanna Katrín Friðriksson (V)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Anna Falkenberg (Sb)

Kathrine Kleveland (Sp)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (F)

Ulrika Liljeberg (C)

Ola Elvestuen (V)

Bella Forsgren (gröna)

Simon Holmström (HI)

Rebecka le Moine (MP)

Guðmundur Ingi Kristinsson (FF)

Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)

Johan Dahl (Sb)

Eva Biaudet (sfp)

Mikael Lindholm (ÅC)

Michael Aastrup (V)

Markku Siponen (cent)